

30.1.2014

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, þingskjal 552 - 284. mál.

Undirritaður telur fullkomlega ástæðulaust að fella létt rafknúin „bifhjól“ undir skráningarskyldu og skilyrta notkun „með einhverjum hætti“ eins og segir í frumvarpinu. Ekki er séð að slíkt sé nauðsynlegt samkvæmt valdaframsalsreglu EES samningsins.

Þessi afllitlu rafhjól eru á engan hátt hættulegri en rafknúin reiðhjól eða reiðhjól almennt sem geta farið um mun hraðar. Það er alltaf viss hættu á skaða ef fólk hreyfir sig og staðhæfa má að miklu fleiri slys orsakast af göngu úti, s.s í hálfu, en við notkun þessara lipru og skemmtilegu farartækja. Mörk sem þegar hafa verið dregin eru miklu eðlilegri og hvati til að þessi hagkvæmi ferðamáti sé nýttur af sem allra flestum sem ekki veitir af þar sem t.d. Reykvíkingar búa við alls ófullnægjandi gatnakerfi. Breytingar verða ekki réttlættar í frumvarpinu nema þar séu tilgreindar tölulegar staðreyndir um tjón af völdum þessara ákveðnu farartækja en ekki bara hugleiðingar um hugsanleg tjón af völdum þeirra.

Virðingarfyllt,
Einar Jónsson
Hverafold 74
112 Reykjavík